# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 26. janúar 2016 samþykkt breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir Hellisheiðarvirkjun. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 2. mars 2016. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. mars 2014 að heimila auglýsingu að tillögu á 8. breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir virkjun á Hellisheiði ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem upphaflega var samþykkt 26. apríl 2004. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 28. október 2010 og öðlaðist gildi 20. desember 2010. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Deiliskipulagið var auglýst aftur til að uppfylla ákvæði um staðfestingu eftir auglýsingu.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 23. mars 2016.*

**Sigurður Ósmann Jónsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2016